



Nóvember – *Þytur*

Fréttabréf Pelamerkuskóla

Þytur – fréttabréf Pelamerkurskóla:

Það blað sem berst ykkur nú í hendur er fyrsta útgáfa af nýju fréttablaði Pelamerkurskóla. Áætlað er að gefa það út einu sinni í mánuði og að því verði dreift inn á öll heimili í Hörgárbyggð og Arnarneshreppi. Í mánaðarlega fréttabréfinu verður yfirlit og umfjöllun um atburði bæði liðinna og komandi vikna. Markmið útgáfunnar er að auka upplýsingaflæði frá skólanum til nærsamfélags hans og þar með að styrkja tengslin við hans nánasta umhverfi.

Heiti bréfsins vísar til þess að það er ósk okkar að fréttir bréfsins muni berast inn á heimilin eins og þyturinn í skóginum fyrir ofan skólann.

Það sem af er vetri:

Nemendur og starfsfólk Pelamerkurskóla hafa ýmislegt tekið sér fyrir hendur frá því skólastarf hófst í ágúst s.l. Við höfum meðal annars gengið upp að Hraunsvatni, haldið Söngstjörnukeppni og skjávarpabíó, farið saman á skauta og í sund á Akureyri og nú síðast ásamt foreldrum farið í leikhús til að sjá leikritið Óvita. Að leikhúsferðinni stóðu skólinn og foreldrafélag hans. Óhætt er að segja að allir hafi skemmt sér vel í leikhúsferðinni þrátt fyrir þá hnökra sem urðu við dreifingu leikhúsmiðanna. En þeir hnökrar urðu til þegar skólastýran reif í sundur miðalengjuna og taldi fjölda þeirra miða sem hvert heimili hafði pantað án þess svo mikið að líta á númerin sem á miðunum stóðu. Í ljós kom svo þegar foreldrar skoðuðu miðana sem þeir fengu í hendur að lengjan hafði ekki verið í „réttri” röð og útkoman varð sú að fjölskyldum var ætlað að sitja tvístrað um leikhúsið. Þegar í leikhúsið var komið stóðu starfsfólk leikhússins og leikhúsgestir sig með stakri þrýði og leystu vel þessa yfirsjón skólastýrunnar þannig að sem flestir gátu notið sýningarinnar með sína nánustu innan seilingar.

16. nóv. - Dagur íslenskrar tungu:

Þann 16. nóvember ár hvert er haldið upp Dag íslenskrar tungu. Fyrir ellefu árum varð sá dagur fyrir valinu vegna þess að hann er fæðingadagur Jónasar Hallgrímssonar. Í ár eru 200 ár frá fæðingu skáldsins og því sérstök ástæða til að halda vel upp á daginn.

Menningarfélagið Hraun í Öxnadal ehf. stendur að sérstakri dagskrá þennan dag ásamt því að gefa út nýritaða ævisögu Jónasar

Hallgrímssonar sem Böðvar Guðmundsson hefur ritað. Sú bók verður gefin öllum nemendum tíunda bekkjar í grunnskólum landsins.

Að frumkvæði Menningarfélagsins Hrauns í Öxnadals ehf. munu nemendur í 9. og 10. bekk Þelamerkurskóla fá bókina afhenta úr höndum forseta Íslands, herra Ólafs Ragnars Grímssonar. Af því tilefni verður efnt til sérstakrar dagskrár í skólanum kl. 10:00-11:00 árdegis en þá er áætlað að forsetinn verði hér í skólanum. Þegar þessari dagskrá lýkur er áformað að nemendur fari í frímínútur og eftir þær taki við önnur dagskrá sem nemendur úr 5., 6. og 7. bekk hafa undirbúið á undanförunum dögum.

Á meðan húsrúm leyfir eru foreldrar og aðrir áhugasamir velkomnir í skólann þennan morgun. Hægt er að koma á aðeins aðra dagskrána eða báðar, allt eftir því sem hentar hverjum og einum.

Félagslíf nemenda:

Félagslíf nemenda við Þelamerkurskóla er að öllu jöfnu líflegt og er yfirstandandi mánuður enginn undantekning í þeim efnum. Þann 15. nóv. verður boðið uppá skjávarpabíó fyrir 1. – 4. bekk frá kl. 14:30-16:30.

Á undanförunum dögum hefur staðið yfir skólamót í borðtennis og stendur til að úrslitaleikur mótsins verði þann 20. nóvember kl. 11:50. Þann sama dag verður pizzu- og vídeókvöld fyrir 8. – 10. bekk kl. 19:30-22:00. Og þann 23. nóv. kl. 20:00-22:00 verður hrekkjavökuball fyrir 5. – 7. bekk.

24. nóv. – jólaföndur Þelamerkurskóla:

Jólaföndur í umsjón Foreldrafélags Þelamerkurskóla og kennara hans verður haldið laugardaginn 24. nóv. kl. 11:00-14:00. Þá verður í boði að fönndra jólaskraut og búa til jólakonfekt. Verðinu verður nú sem endra nær, stillt í hóf.

Allir sem hafa áhuga og langar til að koma í Þelamerkurskóla til að fönndra og búa til konfekt eru velkomnir í skólann þennan dag.

26. nóv. til 7. des. – prófadagar haustannar:

Þessa dagana standa yfir formleg próf og annað námsmat hjá nemendum. Nemendur elstu bekkjanna hafa þegar fengið próftöflurnar með sér heim.

Heimasíða Þelamerkurskóla:

Í haust var opnaður nýr vefur Þelamerkurskóla á netslóðinni <http://thelamork.is> Á vefnum er að finna helstu upplýsingar um skólastarfið, fréttir og myndasafn skólans frá starfi yfirstandandi vetrar.

Það er metnaður okkar í skólanum að vefurinn muni þjóna hlutverki sínu vel að vera lifandi upplýsingamiðill um starf skólans frá degi til dags. Enda er af nægu að taka sem hægt er að segja frá þegar um jafn lifandi samfélagi er að ræða sem skólinn okkar er.

Með bestu kveðjum frá Þelamörk – *Ingileif og Unnar*